

Fundargerð Aðalfundar 2005

Aðalfundur Skýrslutæknifélags Íslands
haldinn á Grand Hótel Reykjavík
27. janúar 2005 kl. 15:00- 16:30

Jóhann Gunnarsson var einróma kosinn fundarstjóri og staðfesti hann að fundurinn væri löglegur.

1. **Skýrsla stjórnar fyrir árið 2004**
Svana Helen Björnsdóttir, formaður Skýrslutæknifélagsins, flutti skýrslu stjórnar. Sjá: <http://www.sky.is/files/534.doc>
2. **Skýrslur nefnda og starfshópa**
 - a) **Orðanefnd**
Sigrún Helgadóttir, formaður Orðanefndar flutti skýrslu Orðanefndar: Sjá: <http://www.sky.is/files/536.doc>
 - b) **Ritnefnd Tölvumála**
Einar H. Reynis formaður ritnefnda flutti skýrslu ritnefndar;
sjá: <http://www.sky.is/files/537.doc>
Einnig skýrði hann stuttlega frá starfsemi faghóps um árangursríka vefstjórnun, en það stendur til að halda ráðstefnu í vor um góða vefstjórnun.
 - c) **FUT**
Svana Helen Björnsdóttir, sem er fulltrúi Ský í FUT sagði frá starfsemi FUT, en skýrslu FUT má lesa hér: <http://www.sky.is/files/523.doc>
 - d) **SARÍS**
Arnaldur Axfjörð flutti skýrslu SARÍS en hann situr ásamt Hirti Þorgilssyni, Inga Þór Hermannssyni og Rúnari Má Sverrissyni í samráðshóp fyrir Sarís sem fjallar um stöðu og framtíð SARÍS á Íslandi. Hér má sjá skýrslu SARÍS: <http://www.sky.is/files/544.doc>
 - e) **Fókus**
Valgerður Gunnarsdóttir, formaður Fókus faghóps um upplýsingatækni innan heilbrigðisviðs, sagði frá starfsemi þessa faghóps. Hann var stofnaður í tengslum við ráðstefnu um heilbrigðismál þann 15.okt. 2004, en í honum eru rétt rúmlega 100 manns. Hér má sjá skýrslu stjórnar: <http://www.sky.is/files/539.doc>
3. **Reikningar félagsins fyrir árið 2003**
Eggert Ólafsson gjaldkeri félagsins lagði fram reikninga félagsins, þeir voru samþykktir samhljóða.
4. **Lagabreytingar**
Tillaga stjórnar að breytingum á félagssamþykktum Skýrslutæknifélags Íslands var svohljóðandi:
Tillaga:
Breyting á 5. grein.
Var: 5.1
Stjórnskipulag
Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Fundurinn kýs félaginu

stjórn sem annast málefni þess milli aðalfunda. Aðalfundur kýs tvo skoðunarmenn reikninga félagsins. Aðal-fundur setur félaginu siðareglur og kýs siðanefnd. Aðalfundur kýs ritstjóra skv. gr. 6. Stjórn félagsins skipar starfsnefndir eftir því sem hún telur ástæðu til. Orðanefnd skal skipuð á fyrsta fundi stjórnar.

Verður:

5.1 Stjórnskipulag

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Fundurinn kýs félaginu stjórn sem annast málefni þess milli aðalfunda. Aðalfundur kýs tvo skoðunarmenn reikninga félagsins. Aðalfundur setur félaginu siðareglur og kýs siðanefnd. Aðalfundur kýs ritstjóra skv. gr. 6. Stjórn félagsins skipar starfsnefndir eftir því sem hún telur ástæðu til. Orðanefnd skal skipuð á fyrsta fundi stjórnar. **Stjórn félagsins tilnefnir fulltrúa fyrir félagið í nefndir, stjórnir og/eða ráð í öðrum félögum, samtökum eða á vegum opinberra aðila.**

Þessi tillaga stjórnar að lagabreytingum var samþykkt samhljóða.

5. Ákvörðun félagsgjalda fyrir árið 2005

Eggert Ólafsson lagði fram tillögu stjórnar að breyttum félagsgjöldum.

Lagt var til að félagsgjöld hækkuðu um 3,8%, en það gera:

kr. 18.400,- fyrir fyrsta mann, 9.200,- fyrir annan mann og einstaklinga, 4.600,- þar eftir. Sú tillaga var samþykkt samhljóða.

6. Stjórnarkjör

Á aðalafundi 2003 var Svana Helen Björnsdóttir kosin árið til tveggja ára, en hún gefur aftur kost á sér í tvö ár og jafnframt gefur hún aftur kost á sér í sæti formanns (í eitt ár.) Á aðalfundi 2004 átti að kjósa um tvo stjórnarmenn en vegna þess að þeir Heiðar Jón Hannesson og Ólafur Aðalsteinsson sögðu sínu sæti lausu voru fjögur sæti laus í aðalstjórn. Fyrir fundinum 2004 lágu þessar tillögur sem voru samþykktar samhljóða:

Arnaldur Axfjörð	til tveggja ára
Ebba Þóra Hvanberg	til tveggja ára
Einar H. Reynis	til eins árs
Jóhann Kristjánsson	til eins árs

Á aðalfundi 2005 voru því þessi sæti laus:

Sæti Svönu Helenar Björnsdóttur en eins og áður er sagt gefur hún kost á sér til tveggja ára og sæti Einars H. Reynis og Jóhanns Kristjánssonar en þeir báðir gefa kost á sér til tveggja ára. Voru þessi framboð öll samþykkt.

Á aðalfundi 2004 voru kosnir varamenn til eins árs:

Hilmar Karlsson
Þorvaldur Jacobsen

Aðalfundur 2005 þarf því að kjósa tvo varamenn til eins árs

þessar tillögur að varamönnum til eins árs voru lagðar fram og voru þær samþykktar samhljóða:

Þorvaldur Jacobsen
Baldur Johansen

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Sigurjón Pétursson og Jakob Sigurðsson gáfu aftur kost á sér sem skoðunarmenn reikninga og var það samþykkt samhljóða.

8. Nefndakjör

Einar H. Reynis gaf kost á sér aftur sem ritstjóri ritnefndar, ekki voru aðrir sem gefa kost á sér og hann því sjálfkjörinn.

Siðanefnd var sjálfkjörinn aftur en siðanefnd er kosin til eins árs

Stjórn félagsins skipar Orðanefnd og þess vegna var hún ekki í kosningu hér.

9. Önnur mál

Stjórn ákvað að heiðra Þorstein Sæmundsson og bjóða honum að gerast heiðursfélagi í Skýrslutæknifélaginu en hann hefur starfað óslitið í Orðanefnd Ský frá 1978. Hér má sjá yfirlit yfir náms- og starfsferils hans: <http://www.sky.is/files/542.doc> Hilmar Karlsson var kvaddur með virktum, en hann gaf ekki aftur kost á sér í stjórn.

16 manns voru viðstaddir.

Ritarar voru Hólmfríður Arnardóttir og Guðrún Pálína Haraldsdóttir, starfsmenn félagsins.